

Alþingi
Erindi nr. P 138/2249
komudagur 14.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. maí 2010


Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógungun og notkun kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Kvenfélagasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógungun og notkun kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, þingskjal 861 – 495. mál.

Kvenfélagasamband Íslands styður frumvarpið eins og það er lagt fram enda er um að ræða almennt framfaramál sem bætir réttindi „allra kvenna“ til að eignast börn.

f.h. Kvenfélagasambands Íslands


Hildur Helga Gísladóttir
framkvæmdastjóri



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2274
komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2010.

Umsögn KRFÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógun og notkun
kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Kvenréttindafélagi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp, þingskjal 861 – 495. mál, um breytingar á lögum um tæknifrjógun og notkun kynfruma og fósturvísa.

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) lýsir yfir stuðningi sínum við frumvarpið. Lagabreytingin mun hafa í för með sér útvíkkun á réttindum kvenna, hver svo sem félagsleg staða þeirra er, til þess að eignast börn með tæknifrjógun. KRFÍ vill þó leggja áherslu á að tryggt verði með einhverjum hætti að um sé að ræða gjafaegg- og sæði, svo ekki komi til þess að konur (og karlar) sem standa illa fjárhagslega og/eða félagslega, noti þetta úrræði til að aflá sér tekna.

Virðingarfyllt,
fh. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir
framkvæmdastjóri



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 138/2197
komudagur 12.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 11. maí 2010
2010040260/0.1.2/GG/gh

Efni: Umsögn Landlæknisembættisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis dags. 26. apríl 2010 þar sem óskað er eftir um sögn um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun (gjafaegg og gjafasæði), 495. mál.

Landlæknisembættið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Kristján Oddsson
yfirlæknir



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi, 18. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna..

Stjórn Læknafélags Íslands sendi ofangreint frumvarp til Siðfræðiráðs LÍ til umfjöllunar. Neðangreint er álit Siðfræðiráðs frá 17. maí 2010:

Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Um er að ræða breytingar á tveimur greinum laga nr. 55/1996, 5. og 9. grein en að öðru leyti verða löggin óbreytt með þeim breytingum sem áður hafa verið gerðar og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu. Þessar breytingar snerta einungis réttindi einstaklinga til barneigna sem með þessu frumvarpi verða aukin en ekki er um neinar breytingar á stofnfrumurannsóknum að ræða. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: “hér er lagt til að einhleypum konum sem búa við skerta frjósemi verði heimilt að nota bæði gjafægg og gjafasæði við glasafriðvgun. Sama gildi um gagnkynhneigð og samkynhneigð pör, þar sem frjósemi beggja maka er skert.”

Þessi breyting er í anda þeirrar hreyfingar sem hófst með setningu laganna árið 1996, að ganga sífellt lengra í notkun á tækni til að gera mannfólkinu aukinn möguleika á að auka kyn sitt. Ekki er að efa að umrædd lög hafa reynst mörgum vel og hefur töluverður fjöldi barna fæðst í heiminn sem annars hefðu ekki litið dagsins ljós. Það virðist hafa ríkt sátt um setningu þeirra laga og lítið um gagnrýni og hún þá helst verið byggð á trúarlegum grunni. Fram að síðustu lagabreytingum árið 2008 var þó alltaf gert að skilyrði að barn ætti að eiga bæði föður og móður eða þá að um samkynhneigða einstaklinga væri að ræða sem sinntu hlutverkum foreldra. Með breytingunni árið 2008 var hins vegar stigið það skref að gera einhleypum mæðrum kleift að eignast afkvæmi sem væri þá án föður og barnið hefði engan möguleika á að fá að vita faðerni sitt. Nánast engin umræða fór fram um þessi grundvallarréttindi hvers einstaklings þegar þessi breyting var gerð. Þessar



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION


breytingar allar eru á þann veg að auka réttindi fullorðinna einstaklinga til að eignast afkvæmi en lítið hefur verið hugað að réttindum þeirra barna sem verða til með þessum hætti. Ekki er heldur að sjá að nokkur skoðun hafi farið fram á áhrifum laganna frá 1996 en þá var í fyrsta sinn lagalega rétt að barn fæddist í heiminn sem hefði ekki nokkurn rétt eða möguleika á að fá að vita um líffræðilegt faðerni sitt en það var fram að því réttur sem var (og er) áskilinn í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. (athuga sáttmálann og einnig Ottawa samþykktina). Barnið átti þó engu að síður föður þótt hann væri oftast nær ekki líffræðilega skyldur barninu. Nú þegar liðin eru 14 ár frá samþykkt laganna um tæknifrjóvgun væri rétt að fram fari skoðun á því hvernig þessum börnum hefur farnast og að nú sé staldrað við á þessari göngu sem hófst árið 1996. Einnig má benda á að með þeirri breytingu sem nú er til umfjöllunar er ekki um neinn enda á þessari vegferð að ræða. Núna eru til skoðunar í Heilbrigðisráðuneytinu hugmyndir að lögum um staðgöngumæður en sú vinna hófst fyrir áeggjan aðila sem vilja auka enn frekar möguleika á barneignum. Hér er ekki verið að ganga út frá því að það verði að veruleika, aðeins að benda á að sífellt er leitað lengra í notkun á tækninni til að hafa áhrif á grundvallaratriði í mannlegri tilveru, tilverunni sjálfri.

Það er því lagt til að nú verði staðar numið á þessari vegferð og afleiðingar fyrri ákvarðana skoðaðar vel áður en næstu skref verða tekin.

Stjórn LÍ er sammála athugasemdum Siðfræðiráðs.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður



Alþingi
Erindi nr. P/138/2275
komudagur 17.5.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 861 – 495. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna. Með frumvarpinu er lagt til að nógildandi lögum verði breytt á þann hátt að einhleypum konum, sem búa við skerta frjósemi, verði heimilt að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjógungun. Það sama gildi um gagnkynhneigð og samkynhneigð pör, ef frjósemi beggja aðila er skert.

Mannréttindaskrifstofan hefur farið yfir ofangreint lagafrumvarp með hliðsjón af mannréttindaákvæðum Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 sem og fleiri mannréttindaskuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir.

Ákvæði um jafnræðisreglu er að finna í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Réttur til jafnræðis og bann við mismunun eru grundvallarhugtök í alþjóðlegum mannréttindalögum. Þess vegna er mikilvægt að allir njóti sömu réttinda, einnig þegar kemur að tæknifrjógungunum.

Mannréttindaskrifstofan telur frumvarpið stuðla að auknu jafnræði á meðal einstaklinga sem búa við skerta frjósemi. Hingað til hefur einhleypum konum verið heimilt að gangast undir tæknifrjógungun með gjafasæði. Hins vegar hefur einhleypum konum, sem sjálfar hafa átt við skerta frjósemi að stríða, ekki verið heimilt að fá gjafaegg til viðbótar við gjafasæði. Þar af leiðandi hefur þeim síðarnefndu verið mismunað þegar kemur að möguleikum á tæknifrjógungun.

Mannréttindaskrifstofan fagnar hinu framlagða frumvarpi og vonast til að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal
Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 138/2215
komudagur 12.5.2010

Tilvera *samtök um ófrjósemi*



5. maí 2010

Umsógn Tilveru, samtaka um ófrjósemi um mál 495, Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa mann til stofnfrumurannsókna.

Tilvera, samtök um ófrjósemi hefur engar athugasemdir við þetta frumvarp. Þó er rétt að benda á að engin lög eru um upplýsingaskildu þeirra sem framkvæma tæknifrjóvganir við barn sem getið er með gjafakynfrumu, um það hvort barnið hafi eignast líffræðilegt hálf systkini eftir notkun gjafakynfruma frá sama gjafa. Eins og staðan er í dag geta þeir sem framkvæma tæknifrjóvganir með gjafakynfrumum notað kynfrumur frá sama gjafa hjá mörgum þörum/einhleypum konum án þess að þessi þör/einhleypar konur eða börn þeirra viti hvort líffræðilegt hálf systkini hafi orðið til. Með því frumvarpi sem nú er lagt fram opnast sá möguleiki tvö eða fleiri þör/einhleypar konur geti eignast líffræðileg alsystkin (sáu báðar kynfrumur gjafakynfrumur), án þeirrar vitundar.

Fyrir hönd stjórnar Tilveru

Katrín B. Baldvinsdóttir
Katrín Björk Baldvinsdóttir, formaður



Alþingi
Erindi nr. E 138/1980
komudagur 6.5.2010

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2010

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, 495. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að nota bæði gjafaegg og gjafasæði við glasafrjógungun.


Undirrituð tekur undir rök forvera sinna um að leggja beri til grundvallar það sjónarmið að börn eigi rétt á að eiga foreldra fremur en að byggja á því að fullorðnir eigi rétt á því að eignast börn. Þessi rök eiga sér meðal annars stoð í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Með vísan til 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 7. gr. Barnasáttmálans telur umboðsmaður barna mikilvægt að tryggja rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Réttur barns til þess að vita hvaðan það kemur, hver er líffræðilegur faðir þess eða móðir, á að ganga framur rétti foreldra til að halda slíku leyndu fyrir barninu. Telur umboðsmaður barna því rétt að breyta lögum um tæknifrjógungun á þann veg að ákvæði sem tryggir kynfrumugjafa nafnleynd verði fellt niður.



Í 26. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 kemur fram að kjörforeldrar eigi að segja kjörbarni frá því að það sé ættleitt jafnskjótt og það hefur þroska til og aldrei síðar en við sex ára aldur. Mikilvægt er að sambærilegt ákvæði verði lögfest um börn sem getin eru með gjafasæði og/eða gjafaeggi. Annað gengur í berhögg við jafnræðisreglu 2. gr. Barnasáttmálans og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna